

Umsókn um skyndistyrk mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Meðfylgjandi eru styrkumsókn um skyndistyrk mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs ásamt mati mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu á umsókninni.

Skyndistyrkir skulu veittir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkja úthlutunar sbr. 2. grein styrkjareglna mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs

Við mat á umsóknum skal fylgja styrkjareglum Reykjavíkurborgar og stefnumörkun. Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af:

a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð	x
b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf	x
c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins	x
d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur	Á
e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi	x
f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn	x
g) því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.	x

X=uppfyllir kröfur, Á= Á ekki við í umsókn

1. Linda Rós Eðvarðsdóttir fyrir hönd Báru Halldórsdóttur – Málþing – Klausturgate ári síðar

Tegund verkefnis:

Málþing með það að markmiði að gefa þolendum umræðna Klausturgate rými til að tjá sig og til þess að ræða Klaustursmálið og eftirmál þess fyrir samfélagið – sérstaklega hvað það mál þýðir fyrir öryrkja, fatlaða og hinsegin fólk; hvert er regluverk Alþingis til að vernda kjörna fulltrúa frá áreiti og tryggja þeim öruggt starfsumhverfi; hvað merkir það fyrir íslensku þjóðina ef fólk í valdastöðum þarf ekki að taka afleiðingum gjörða sinna; og hvernig verndum við uppljóstrara?

Markmið verkefnis:

Fyrir ári síðan, þann 20 nóvember, sátu 6 alþingismenn Miðflokksins inni á Klaustri. Þar opinberuðu þeir misbeitingu á valdi og vógu gróflega að samstarfskonum með niðrandi og kynferðislegum meiðyrðum. Ekkert þeirra hefur þurft að sæta ábyrgð og sitja þau öll enn á þingi. Báru Halldórsdóttir, uppljóstrari Klaustursmálsins, hefur núna skipulagt málþing með það að markmiði að gefa þolendum rödd og rými til að tjá sig og til þess að ræða Klaustursmálið og eftirmál þess fyrir samfélagið.

Auk þess sem þolendurnir í umræðum alþingismanna Miðflokksins munu tjá sig, þar á meðal Freyja Haraldsdóttir fyrrum alþingiskona og aktivisti fyrir fólk með fatlanir, taka einnig til máls fulltrúar frá UN Women og Samtökunum 78. Caroline Hunt-Matthes, heimsþekktur uppljóstari, verður með erindi um uppljóstrara og ofbeldi gegn konum og kemur einnig fram sem fulltrúi fyrir Alþjóðlegt samstarf þinga (Interparliamentary Union) í Genf en á þess vegum er rekin sérdeild sem fjallar um ofbeldi gegn alþingiskonum. Mark Worth mun fjalla um málþingið á alþjóðlegum vettvangi. Hann er verðlaunaður

rannsóknarblaðamaður og einn af helstu sérfræðingum um stefnumótanir og réttindi er varða uppljóstrara. Hann er einnig framkvæmdarstjóri European Center for Whistleblower Rights.

Sótt er um kr. 226.000,-

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu: Jákvætt

Reykjavíkurborg sem stjórnvald leggur áherslu á jafnræði og mannréttindi allra borgarbúa og hefur einsett sér að vera í fararbroddi á því sviði. Lögð er áhersla á samvinnu við aðra opinbera aðila, háskólasamfélagið, einkaaðila og samtök sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun og þekkingaröflun á sviði jafnréttis og mannréttinda.

Verkefnið sem hér er til skoðunar á að skapa vettvang til umræðna um jafnrétti og stöðu ólíkra hópa innan samfélagsins. Sérstaklega verður fjallað um ummæli nokkurra þingmanna fyrir rúmu ári síðan á Klausturbar, en þótti samtal þingmannanna afar niðrandi í garð ákveðinna hópa samfélagsins. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur jákvætt að staðið sé fyrir málefnalegri umræðu um mikilvæg atriði sem þessi.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir jákvæða umsögn.